



## Áttatíu og fimm þúsund perur loga Jólalýsing á höfuðborgarsvæðinu 2007

Um 85 þúsund perur loga í jóla-skreytingum sem Orkuveita Reykjavíkur leggur til um jól og áramót hverju sinni. Vonast er til að allar skreytingar verði komnar upp í fyrstu vikunni í desember.

Í Reykjavík eru skreytt 38 grenitré, 8 í Kópavogi, 6 í Garðabæ, 6 á Seltjarnarnesi, 6 í Mosfellsbæ og 3 við Reykjavíkurbærhöfn. Við Landsspítalann eru 3 tré.

Þá má geta þess, að ljósín á Óslóartrénu eru venjulega um 600, en um 8000 ljós loga þegar á trjánum sem fyrir eru á Austurvelli.

Ómögulegt er að segja hversu margar perur brotna eða verða fyrir skemmdum á þessum tíma, en á hverjum morgni fram til jóla fer körfubíll um og kannað er ástand allra skreytinga. Lögð er áhersla á að öll ljós logi á öllum skreytingum um jól og áramót.

Ljósaseríur við Ingólfstorg, Vonarstræti, á Laugavegi, Kirkjutorgi, Fríkirkjuvegi, Sóleyjargötu og á Austurvelli eru látnar loga vel fram í febrúar. Auk þessa eru settar upp um 250 skreytingareiningar sem eru þverbönd af ýmsu tagi, toppskraut á stólpum, halastjörnur og jólabjöllur.

## Hljáar og bjartar hátíðarkveðjur





## Útilýsing

Í svartasta skammdeginu er mikilvægt að okkar nánasta umhverfi sé upplýst.

Útilýsing hjá mannvirkjum og í umhverfi þeirra getur verið til mikilla þæginda, öryggis og til skrauts. Við hjá Orkuveitunni höfuð sett saman skemmtilegar nýjungar í lýsingarmálum sem fyrirtæki ættu að skoða. Um er að ræða þrjár tegundir af lýsingu, þ.e. svæðislýsing, skrautlýsing og flóðlýsing. Þar sem við hjá Orkuveitunni höfum áratuga reynslu af því að lýsa upp umhverfi okkar; götur, bílastæði, útivistarsvæði, stíga og garða, kunnum við vel til verka og viljum deila þessari kunnáttu með þeim sem áhuga hafa.

Við höfum nú ákveðið að bjóða fram þjónustu okkar í öllu sem við kemur útilýsingu og bjóða viðskiptavinum að kaupa hana án nokkurrar fyrirhafnar. Það eina sem viðkomandi þarf að gera er að óska eftir útilýsingu á ákveðnu svæði og við sjáum um afganginn.

### Hönnun og uppsetning

Verkfræðideild OR sér um að hanna lýsinguna og skipuleggur hvernig skuli staðið að verki. Framkvæmdadeild OR sér svo um að ná í allan nauðsynlegan búnað og setur lýsinguna upp.

### Eftirlit og viðhald

Starfsmenn Orkuveitunnar hafa reglulegt eftirlit með útilýsingarbúnaði OR og því er alls ekki úr vegi að nýta þá krafta á fleiri stöðum. Því er upplagt fyrir þá sem eru nú þegar með útilýsingu og gera miklar kröfur um að alltaf sé „kveikt á perunni“. að slást í hópinn. Við gerum tilboð í viðhald og eftirlit á útilýsingu fyrirtækja. Þannig eru fyrirtæki alveg laus við það umstang að kalla út iðnaðarmenn með óreglulegu millibili og engin bið er eftir körfubíl og rafvirkja.

Við viljum stuðla að fegurra og um leið notadrygra umhverfi. Þess vegna bjóðum við fyrirtækjum og sveitarfélögum nýja, hagkvæmari og fyrirhafnarminni leið til að koma upp og viðhalda útilýsingarbúnaði sínum. Á þennan hátt viljum við koma til móts við kröfur nútímans um bætt og fallegra umhverfi og aukið öryggi í skammdeginu.

Hafðu samband við Söludeild Orkuveitunnar í síma 516-7600, eða á sala@or.is, ef þú hefur áhuga að nýta þér þessa hagstæðu lausn við að fegra umhverfi þitt með fallegri lýsingu.



## Ný stjórn Orkuveitunnar

Í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eiga sæti fulltrúar þeirra þriggja sveitarfélaga sem eiga fyrirtækið; Reykjavíkurborgar, sem á 93,5%, Akraneskaupstaðar með 5,5% og Borgarbyggðar, sem á 1%.

Formaður stjórnarinnar er Bryndís Hlökkversdóttir. Hún er aðstoðar- rektor Háskólans á Bifröst, lögfræðingur og fyrrverandi alþingismaður.

Varaformaður stjórnar er Jón Sigurðsson, fyrrverandi Seðlabankastjóri og iðnaðarráðherra. Aðrir fulltrúar Reykjavíkurborgar eru Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður og borgarfulltrúarnir Júlíus Vífill Ingvarsson og Kjartan Magnússon. Fulltrúi Akranesbæjar er Gunnar Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar og áheyrnarfulltrúi Borgarbyggðar Björn Bjarki Þorsteinsson.



## Samstarf um endurheimt Hagavatns

Landgræðsla ríkisins, Bláskógabyggð, landeigendur Úthlíðar-  
torfunnar og Orkuveita Reykjavíkur hafa ákveðið að hafa með  
sér samstarf um könnun á möguleikanum á því að endurheimta  
eldri stærð Hagavatns. Öðrum hagsmunaaðilum verður jafnframt  
boðið að taka þátt í samstarfinu.

Markmið endurheimtar Hagavatns er að hefta sandfok á upptaka-  
svæði þess sunnan Langjökuls og verða möguleikar á raforkufram-  
leiðslu þar kannaðir samhliða.

Umfangsmesta rannsóknin á þessum möguleika fór fram fyrir áratug  
þegar Landgræðslan stóð fyrir mati á umhverfisáhrifum stækkunar  
vatnsins með stíflugerð. Ekki varð af framkvæmdum þá.

Hagavatn minnkaði um a.m.k. tvo þriðju í jökulhlaupum á síðustu öld  
og við það opnuðust stór svæði sem úr fýkur jökulleir og sandur.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar og áður Biskupstungnahrepps hefur  
ályktað um mikilvægi þess að færa yfirborð Hagavatns til fyrra horfs  
til að hefta sandfok og tryggja árangur annars uppgræðslustarfs sem  
hún hefur tekið þátt í um árabil, m.a. í samstarfi við Landgræðslu  
ríkisins. Í því augnamiði átti sveitarstjórn þátt í því að ráðist var í mat  
á umhverfisáhrifum endurheimtar Hagavatns árið 1997.

Í þurrkum síðastliðins sumars var upplástur sérstaklega mikill og  
þéttur upplástursmökkur lá yfir byggðinni í Bláskógabyggð svo  
dögum skipti.

Undirrituð hefur verið samstarfsyfirlýsing vegna verkefnisins.  
Frá vinstri á myndinni eru: Björn Sigurðsson í Úthlíð, Margeir Ingólfsson  
oddviti Bláskógabyggðar, Hjörleifur B. Kvaran forstjóri Orkuveitu  
Reykjavíkur, Sveinn Runólfsson Landgræðslustjóri, Ólafur Björnsson  
hæstaréttarlögmaður.



## Hálkuvörn

Þegar kólna tekur í veðri og veturinn gengur í garð er vert að huga  
að þeirri slysaættu sem hálkan getur falið í sér. Nýtum heita  
vatnið betur og aukum um leið verðgildi fasteigna okkar.

### Heimili

Flest öll heimili hafa yfir að ráða ónýttum varma sem er bakrásarvatnið  
frá hitakerfi hússins. Bakrásarvatn er afgangsvatn sem kemur frá  
húsinu sem hitakerfið nær ekki að nýta til upphitunar þess. Það er 25  
– 40°C heitt, háð útihita og má búast við að það sé 30 – 35°C þegar  
snjókomu er. Þetta vatn má nýta í snjóbræðslukerfi til þess að halda  
innkeyrslum og stéttum auðum. Ef innkeyrslan og stéttin eru stærri  
en bakrásarvatnið nær að anna, má alltaf bæta svokallaðri skerpingu  
eða beinni innspýtingu til viðbótar bakrásarvatninu.

Kostirnir við að hafa snjóbræðslu eru margir:

- o Minni slysaætta
- o Minnkar vinnu á veturna við snjómokstur eða við að salta  
planið – meiri gæðatími með fjölskyldunni í staðinn
- o Snyrtilegra umhverfi

### Fyrirtæki

Fyrirtæki vilja taka vel á móti viðskiptavinum sínum og starfsfólki og  
hvað er betra en að bjóða upp á hálku- og snjólaus bílastæði á veturna  
og losna um leið við að láta moka eða salta þau. Umhverfi fyrirtækisins  
verður snyrtilegra, minna viðhald á plönum og stéttum yfir veturinn og  
slysaætta minnkar til muna.

Sölusvið Orkuveitunnar gefur fyrirtækjum verð í stærri bílastæði og  
plön í síma 5 16-7600 og á sala@or.is. Hafðu samband og fáðu nánari  
upplýsingar.



## Lágþrýstivél og gestmóttaka í Hellisheiðarvirkjun


Orkuveita Reykjavíkur hefur tekið í notkun nýja aflvél í Hellisheiðarvirkjun, sem mun spara fyrirtækinu 700 milljónir króna árlega í raforkukaupum fyrir almennan markað.

Vélin er af nýrri gerð, s.k. lágþrýstivél, og nýtir skiljuvatn sem ekki er hægt að nýta í háþrýstihverflunum tveimur, sem þegar hafa verið teknar í notkun í virkjuninni. Þetta er fyrsta vél þessarar gerðar sem tekin er í notkun í íslenski jarðhitanýtingu.

Þegar farið var að bora á jarðhitasvæðinu við Hellisheiðarvirkjun kom í ljós að aflgeta þess var meiri en upphaflega var gert ráð fyrir. Hiti vatnsins, sem skilinn er frá gufunni áður en hún fer í háþrýstivélarnar, reyndist meiri en þarf til að framleiða heitt vatn, þegar fram líða stundir. Þá var farið að leita leiða til að nýta skiljuvatnið betur og var lágþrýstivél talin besti kosturinn.

### Mikil raunlækkun orkuverðs

Það er í fyrsta skipti nú að raforka frá nýrri aflvél Orkuveitu Reykjavíkur fer alfarið til almennra nota. Engu að síður hafa viðskiptavinir Orkuveitunnar notið hagkvæmni sameiginlegrar raforku- og heitavatsframleiðslu síðasta áratug. Frá ársbyrjun 1997 hefur raunverð á raforku lækkað um 33% og heitt vatn um 25%. Þá er miðað við þróun byggingavísitölu.



### Nýr áningarstaður ferðamanna

Samhliða því að nýja aflvélin var ræst var nýtt kynningarrými Hellisheiðarvirkjunar tekið formlega í notkun. Þar gefur að líta margvíslegt fræðsluefni um nýtingu jarðhitans hér á landi og vinnsluferli Hellisheiðarvirkjunar. Mikil eftirspurn hefur verið eftir heimsóknum í virkjunina, hvorttveggja af hálfu Íslendinga og útlendinga. Ræðst það ekki síst af miklum áhuga víða um heim á að nýta jarðhita til raforkuframleiðslu og vilja gestir gjarna kynna sér á Hellisheiðinni það sem nýjast er í þeim efnum. Móttakan er opin alla daga frá kl. 9:00 til 18:00.



## Gleðilega hátíð ljóss og friðar

Það er svo merkilega stutt síðan að þessi árstími var kvíðvænlegur fyrir alla alþýðu manna í okkar ágæta landi. Kuldi, skuggi og saggi einkenndu hífýli fjölda fólks af kynslóð foreldra okkar.

Það var sú sama kynslóð sem bjó þannig um hnútana að mörg okkar hugsa um veturinn sem tíma frísklegrar útivistar og notalegrar inniveru á björtum og hlýjum heimilum. Það eru ekki jafnmargir jafnkaldir og myrkir staðir á jarðarkringlunni sem hafa nýtt náttúruauðindir sínar á jafn skynsamlegan hátt til að bæta lífskjörin og mannlífið allt.

Við skulum hugsa til okkar forsjálu forfeðra og -mæðra þegar við njótum adventunnar og jólaanna í birtu og yl – ytra sem innra.

Fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur og starfsfólks hennar óska ég þér gleðilegra jóla og farsældar með hækkandi sól.

Hjörleifur B. Kvaran  
Forstjóri OR



## Bætt þjónusta á nýjum vef Orkuveitunnar

Bryndís Hlökkversdóttir, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, opnaði nýja heimasíðu fyrirtækisins, [www.or.is](http://www.or.is). Verulegar breytingar hafa verið gerðar á síðunni, sem hönnuð er af Gagarín og Íslensku auglýsingastofunni, en styðst við vefumsjónarkerfið Dísil frá Atom01 hugbúnaðarþjónustu.

Áhersla er lögð á þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki, en viðamikill hluti fjallar um umhverfi og fræðslu. Öll innri skipulagsskjöl fyrirtækisins liggja frammi á vefnum, s.s. ákvæði um starfshætti Orkuveitu Reykjavíkur í samfélaginu, siðareglur starfsmanna, umhverfisstefna og gæðastefna og reglur um ásýnd og umhverfi.

Þá er lögð mikil áhersla á þátt Fræðsluvefjar Orkuveitunnar, sem settur hefur verið upp á undanförunum mánuðum.

Vefteymi Orkuveitu Reykjavíkur skipa þau Ásdís Gíslason, Helgi Pétursson og Þorvaldur Árnason.